



Reykjavík 5. október 2020

Efni: Takmörkunum í starfi barna fædd 2005 og síðar.

Leik- og grunnskólar.

Engar hömlur gilda hjá börnum sem fædd eru 2005 og síðar heldur einungis hjá eldri einstaklingum.

Um þá einstaklinga gildir 30 manna hámarksreglan og eins metra nándartakmörkun. Ség ekki kostur að viðhafa 1 metra nándartakmörkun skal bera hlífðargrímu.

Lögð verði áhersla á einstaklingsbundnar smitvarnir eins og kostur er.

Sama gildir um æskulýðsstarf, íþróttir og tómstundir.

Takmörkun á skólastarfi vegna neyðarstigs almannavarna tekur gildi 5. október 2020 gildir til 19. október, en aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum.

Leikskólar.

- Leikskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi skólastarfi í skólabyggingum með því skilyrði að starfsfólk sem á erindi inn í skólabyggingar gæti að minnst 1 metra nálægðartakmörkun sín á milli án þess að andlitsgrímur séu notaðar.
- Ekki skulu vera fleiri en 30 einstaklingar fæddir 2004 eða fyrr í hverju rými.
- Ekki gilda aðrar takmarkanir á samkomum barna á leikskólaaldri.
- Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til.
- Viðvera foreldra sem dvelja inni á leikskóla vegna aðlögunar skal skipulögð þannig að þeir þurfi ekki að nota hreinlætis- eða mataraðstöðu í byggingunni og skulu þeir gæta að minnst 1 metra nálægðartakmörkun jafnt sín á milli og gagnvart starfsfólki.
- Aðeins eitt foreldri fylgi barni í aðlögun.
- Stjórnendum leikskóla er heimilt að krefja foreldra að nota andlitsgrímur í aðlögun.
- Aðrir en starfsmenn og foreldrar sem koma inn á leikskóla, svo sem vegna vöruflutninga, skulu gæta að 1 metra nálægðartakmörkun.
- Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.

Grunnskólar

- Grunnskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi skólastarfi í skólabyggingum með þeim skilyrðum að starfsfólk sem á erindi inn í

skólabyggingar gæti að 1 metra nálægðartakmörkun sín á milli án þess að andlitsgrímur séu notaðar.

- Ekki skulu vera fleiri en 30 einstaklingar fæddir 2004 eða fyrr í hverju rými.
- Ekki gilda aðrar takmarkanir á samkomum barna á grunnskólaaldri.
- Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til. Aðrir en starfsmenn og foreldrar sem koma inn í grunnskóla, svo sem vegna vöruflutninga, skulu gæta að 1 metra nálægðartakmörkun.
- Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.